

Bæjarstjórn - 1917

## FUNDARBOÐ

**1917. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 27.  
september 2023 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

##### 1. **2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar**

Tilnefning áheyrnarfulltrúa Viðreisnar í hafnarstjórn ásamt því að gera breytingar á varamönnum í umhverfis-og framkvæmdaráði og skipulag- og byggingaráði:

Hafnarstjórn:

Aðalmaður  
Karólína Helga Símonardóttir  
Hlíðarbraut 5

Varamaður  
Lilja G. Karlsdóttir  
Birkihvammi 5

Skipulags og byggingarráð  
Varamaður

Þróstur Valmundsson  
Álfaberg 28

Umhverfis og Framkvæmdaráð  
Varamaður

Máni Þór Magnason  
Glitvellir 39

Breytingar á fulltrúum Framsóknarflokks:

Varamaður í Markaðsstofa Hfj. Kemur í stað Snædísar K. Bergmann.  
Júlíus Sigurjónsson  
Suðurvangi 2  
220 Hfj.

Varamaður fjölskylduráði. Kemur í stað Snædísar K. Bergmann.  
Selma Hafsteinsdóttir

Breiðvangi 40  
220 Hafnarfjörður

**2. 2308763 - Suðurgata, Hamarsbraut, breyting á skilmálum**

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á skilmálum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Suðurgötu Hamarsbrautar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**3. 2308762 - Suðurbær sunnan Hamars, breyting á skilmálum**

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.  
Lögð fram tillaga að breytingum á skilmálum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags suðurbæjar sunnan Hamars og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**4. 2309533 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna varúðarsvæðis**

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.  
Óskað er eftir heimild til að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin snýr að landnotkun og skilgreiningu á afmörkun varúðarsvæðis í Hellnahrauni.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna landnotkunar og skilgreiningu á afmörkun varúðarsvæðis í Hellnahrauni og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**5. 2306366 - Suðurgata 44, breyting á aðalskipulagi**

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.  
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 21. júní sl. að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 í samræmi við 31. gr. samhliða breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, snýr að ákvæði í skilmálum Suðurgötu 44. Ákvæði um yfirbragð og hlutverk Suðurgötu 44 er fellt út. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna var til 27.8.2023. Athugasemd barst. Lögð fram samantekt skipulagsfulltrúa og svör við framkomnum athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsfulltrúa og samþykkir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**6. 2306365 - Suðurgata 44, breyting á deiliskipulagi**

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.  
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 21. júní sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Suðurgötu ? Hamarsbrautar vegna Suðurgötu 44 í

samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 í samræmi við 31. grein skipulagslaga. Breytingin felst í að á lóðinni er gert ráð fyrir að núverandi hús verði rifin og í stað þeirra verði byggð 3 hús með 15 misstórum íbúðum. Syðst og nyrst á lóðinni eru 2 hæða einbýlishús en fyrir miðju verður 2-3 hæða L- laga klasahús. Gert er ráð fyrir 17 bílastæðum í bílageymslu og 4 stæðum á lóðinni. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 27. ágúst sl. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt skipulagsfulltrúa og svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsfulltrúa og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Suðurgötu Hamarsbrautar vegna Suðurgötu 44 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Framkvæmdatími skal ekki vera lengri en 5 ár sbr. 6. mgr. 37. grein skipulagslaga.

## **7. 2305449 - Ásland 3, deiliskipulagsbreyting, grenndarstöð**

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 7. júní sl. að auglýsa breytingar á deiliskipulagi Áslands 3. áfanga vegna staðsetningu á grenndarstöð. Breytingin felst í að þar sem áður var stoppistöð fyrir strætó er gert ráð fyrir svæði fyrir grenndarstöð til flokkunar á endurvinnanlegu efni. Grenndarstöð er aðgreind frá götu með gróðurbeði og gert er ráð fyrir skjólvegg í kringum flokkunarsvæðið. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 7. ágúst 2023. Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 2.8.2023 var frestur framlengdur um 2 vikur. Athugasemdir bárust.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsfulltrúa og samþykkir auglýsta breytingu á deiliskipulagi Áslands 3 vegna grenndarstöðvar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar taka undir með innsendum athugasemdum vegna breytinga á deiliskipulagi vegna grenndarstöðva sem einkum lúta að umgengni, aðkomu inn í hverfið og veðurfari á svæðinu. Því leggja fulltrúar Samfylkingarinnar til að framfylgt verði stefnu Hafnarfjarðarbæjar um djúpgáma og þeir verði notaðir í grenndarstöð í Áslandi 3. Minnt er á að í skilmálum vegna djúpgáma sem samþykkt var í bæjarstjórn 23. nóv, 2022, segir: "Djúpgámar eru snyrtilegir í umhverfinu og taka við meira magni sorps en hefðbundnar sorptunnur. Djúpgámar henta vel til þess að gera umhverfi og frágang sorphirðu umhverfisvænni og meira aðlaðandi."

## **8. 2306213 - Skarðshlíð, breyting á deiliskipulagi**

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 21. júní sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að heimila girðingar/skjólveggi á baklóðum og til hliðar við hús. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 18. ágúst 2023. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsfulltrúa og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar þar sem skilmálar varðandi girðingar/skjólveggir eru rýmkaðir og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Í ljósi fjölmargra athugasemda íbúa Skarðshlíðar við breytingu á deiliskpulagi hverfisins og óska þeirra um frekari breytingar leggja fulltrúar Samfylkingarinnar til að deiliskipulag hverfisins verði tekið til endurskoðunar einkum er lýtur að smáhýsum og girðingum og unnið í samstarfi við íbúana.

**9. 2205256 - Stekkjarberg 11, lóðarstækkun**

16.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.  
Lagður fram uppfærður uppdráttur eftir auglýsingu þar sem tekið hefur verið tillit til hluta athugasemda Skipulagsstofnunar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagðan uppdrátt dags. 6.9.2023 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**10. 2308207 - Hryggjarás 4, umsókn um lóð**

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 25.september sl.  
Lögð fram umsókn Oddgeirs Gunnarsson um lóðina nr. 4 við Hryggjarás.  
Á fundi bæjarráðs þann 7. september sl. var samþykkt að úthluta lóð nr. 4 við Hryggjarás til Djúpós ehf. Bæjarráð samþykkir að afturkalla þessa úthlutun þar sem það lá fyrir að einstaklingur hafði óskað eftir úthlutun lóðarinnar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 4 við Hryggjarás til Oddgeirs Gunnarssonar. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**11. 2309630 - Hryggjarás 27, umsókn um lóð**

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 25.september sl.  
Lögð fram umsókn Steins Borgarssonar um lóðina nr. 27 við Hryggjarás og til vara lóðina nr. 28 við Hryggjarás.  
Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 27 við Hryggjarás til Steins Borgarssonar. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**12. 2309253 - Hryggjarás 28, umsókn um lóð**

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 25.september sl.  
Lögð fram umsókn Mána Borgarssonar um lóðina nr. 28 við Hryggjarás og til vara lóðina nr. 27 við Hryggjarás.  
Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 28 við Hryggjarás til Mána Borgarssonar. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**Fundargerðir**

**13. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð bæjarráðs frá 25.september sl.  
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 6.september sl.  
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 13.september sl.  
c. Fundargerð stjórnar SSH frá 4.september sl.  
d. Fundargerð 43.eigendafundar Sorpu bs. frá 4.september sl.  
e. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 27.júní og 11. ágúst sl.  
f. Fundargerð 43.eigendafundar Strætó bs. frá 4.september sl.

g. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 15.september sl.  
Fundargerð fræðsluráðs frá 20.september sl.  
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 20.september sl.  
a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 27.júní og 11. ágúst sl.  
Fundargerð fjölskylduráðs frá 19.september sl.  
Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.  
Fundargerð forsetanefndar frá 25.september sl.

25.09.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri